



# Minnisblað

Dags.: 15. mars 2021

## Efni: Um kaupaukakerfi og kaupréttaráætlun Arion banka

Starfskjarastefna Arion banka var samþykkt í núverandi mynd á aðalfundi bankans þann 17. mars 2020. Á aðalfundinum sem fram á að fara 16. mars 2021 er starfskjarastefnan lögð fram efnislega óbreytt frá árinu 2020.

Í starfskjarastefnunni er að finna tvö heimildarákvæði sem stjórn getur nýtt, kjósi hún svo. Annars vegar er um að ræða heimild til þess að setja á fót kaupaukakerfi í samræmi við reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) nr. 388/2016, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Hins vegar er um að ræða heimild til þess að setja á fót kaupréttaráætlun á grundvelli 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Báðar þessar heimildir hafa verið nýttar af stjórn eins og nánar er hér útskýrt.

### *Kaupaukakerfi Arion banka vegna 2021*

Heimildin til þess að setja á fót kaupaukakerfi hefur verið til staðar í starfskjarastefnu bankans frá árinu 2012. Heimildin hefur verið nýtt árlega síðan þá, að fráskyldu árinu 2020 vegna starfsársins 2019.

Samkvæmt starfskjarastefnunni er stjórn heimilt að setja á fót kaupaukakerfi að fengnu álitni starfskjaranefndar og áhættunefndar stjórnar. Kaupaukakerfið skal uppfylla reglur sem FME hefur sett, nr. 388/2016, sem og lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Stjórn bankans samþykkti uppfært kaupaukakerfi í desember 2020, vegna starfsársins 2021. Núverandi kerfi er mjög einfalt í grunninn og nær til allra fastráðinna starfsmanna bankans, ólíkt fyrra kaupaukakerfi sem eingöngu tók til afmarkaðs hóps starfsmanna.

Komi til greiðslu kaupauka vegna ársins 2021 getur meirihluti starfsmanna fengið greidd allt að 10% af föstum árslaunum í reiðufé og án frestunar. Stjórnendur, og þeir starfsmenn sem hafa mest áhrif á kostnað og tekjur bankans, geta fengið allt að 25% af árslaunum greidd í formi kaupauka en þá eingöngu í hlutabréfum í bankanum sem skulu að fullu vera háð sölubanni í þrjú ár. Þannig er gengið lengra en leiðir af reglum FME, nr. 388/2016, en samkvæmt reglunum er gerð krafa um a.m.k. 40% frestun á útgreiðslu kaupa kaupauka í a.m.k. þrjú ár, nemi kaupauki meira en 10% af árslaunum. Með þessu er undirstrikað það markmið að kerfið samræmist langtímahagsmunum og stuðli að heilbrigðum og traustum rekstri bankans til langframa. Fjöldi bréfa sem viðkomandi getur fengið greidd ræðst af markaðsverði bréfa bankans í kauphöll þann dag sem stjórn samþykkir ársreikning vegna 2021.

Reglur bankans gera ennfremur ráð fyrir að hægt sé að afturkalla kaupauka, sem hefur ekki verið greiddur starfsmanni, eða endurkrefja starfsmann um þegar greiddan kaupauka, ef t.a.m. í ljós kemur að starfsmaður var þátttakandi í eða bar ábyrgð á framferði sem olli bankanum verulegu tjóni eða brást starfsskyldum sínum verulega.

Sá mælikvarði sem sker úr um hvort greiddur verður út kaupauki, að hluta eða öllu leyti, er arðsemi eigin fjár bankans á árinu 2021 og að hún sé hærri en vegið meðaltal arðsemi eigin fjár helstu keppinauta; Íslandsbanka, Landsbanka og Kviku. Náist þetta markmið ekki, eða verði önnur skilyrði ekki uppfyllt, verður ekki greiddur út kaupauki. Þetta felur í sér að fyrst og fremst er horft til árangurs bankans sem liðsheildar. Með því að horfa ekki til samanburðar við fjárhagsáætlanir, er ennfremur komist hjá röngum hvötum við slíka áætlanagerð. Þannig snýst kerfið í grunninn um það hvernig starfsfólk bankans stendur sig samanborið við aðra á sama markaði.



Skili bankinn meiri arðsemi en vegið meðaltal arðsemi keppinauta, er það í höndum stjórnar bankans, að fenginni tillögu bankastjóra, að ákveða þá upphæð sem bankinn greiðir í kaupauka. Sú upphæð getur þó aldrei orðið hærri en sem nemur arðsemi bankans umfram samkeppnisaðila.

Á árinu 2021 mun stjórn bankans horfa til eftirfarandi þátta og mælikvarða þegar ákvörðun um upphæð kaupaukagreiðslna er tekin:

- 10% arðsemismarkmið (ROE) bankans (fjárhagslegt heilbrigði)
- 10% arðsemismarkmið á úthlutað eiginfé (ROAC) til hvers sviðs (fjárhagslegt heilbrigði)
- Tekjur / áhættuvegnar eignir (RWA) yfir 6,5% (dreift tekjumódel)
- Kostnaðarhlutfall bankans undir 50% (heilbrigður rekstur)
- Að verðþróun hlutabréfa bankans sé sambærileg eða betri en hjá íslenskum og norrænum samanburðarbönkum (leiðréttá fyrir ytri sveiflum) (heilbrigður rekstur)
- Jákvæð þróun meðmælaeinkunnar starfsfólks (sNPS, starfsfólk mælir með Arion banka sem góðum vinnustað við vini og vandamenn) (dreift tekjumódel)
- Aukning viðskiptavina sem eru með fleiri en eina vöru (einstaklingar og fyrirtæki) (dreift tekjumódel)
- Fleiri vörur að meðaltali sem umfangsmestu viðskiptavinir greiða fyrir (dreift tekjumódel)
- Þekking á viðskiptavinum (KYC) mæld sem hlutfall viðskiptavina hvers sviðs þar sem þekking telst vera fullnægjandi (öruggur rekstur)
- Uppitími netbanka og apps yfir 99% á hlaupandi þriggja mánaða tímabilum, mælt mánaðarlega (öruggur rekstur)
- Að auki verður litið til þess hversu vel starfsfólk hlítir innri og ytri reglum bankans (öruggur rekstur)

Stjórn Arion banka mun árlega endurmeta kaupaukakerfið og þau markmið sem þar ráða mestu.

#### *Kaupréttaráætlun samkvæmt 10. gr. tekjuskattslaga*

Heimild stjórnar til þess að setja á fót kaupréttaráætlun kom inn í starfskjarastefnu bankans í kjölfar samþykktar á aðalfundi 2020. Nánar tiltekið samþykkti aðalfundur að veita stjórn heimild til þess að setja á fót kaupréttaráætlun, á grundvelli 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sem nær til allra starfsmanna bankans og veitir rétt til kaupa á hlutabréfum í bankanum fyrir allt að kr. 600.000 á ári í fimm ár. Kaupréttaráætlunin skal samþykkt af ríkisskattstjóra.

Stjórn ákvað í ársbyrjun 2021 að nýta þessa heimild og samþykkti kaupréttaráætlun á grundvelli ofangreindrar heimildar. Samkvæmt áætluninni öðlast hver kaupréttarhafi rétt til að kaupa hluti í Arion banka fyrir að hámarki 600.000 krónur einu sinni á ári í fimm ár, fyrst í febrúar 2022 og síðast í febrúar 2026. Kaupverð hluta er vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu viðskiptadaga fyrir samningsdag, sem er 3. febrúar 2021, eða 95,5 krónur hver hlutur.

Alls gerðu 628 starfsmenn kaupréttarsamning sem ná til allt að 3.945.550 hluta á ári miðað við 100% nýtingu kaupréttá. Fjárhæð kaupréttar er sú sama fyrir alla starfsmenn bankans.

Kaupréttaráætlunin var staðfest af ríkisskattstjóra 15. desember 2020 og er í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

#### *Fylgiskjöl:*

- Innri reglur Arion banka um kaupauka
- Kaupréttaráætlun Arion banka